

**Nd.**

**259. Breytingartillögur**

við frumvarp til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til þess að selja ýmsar nauðsynjavörur undir verði, og að gjalda verðhækkunina eftir því, sem lög þessi greina (þingskj. 31).

Frá minni hluta bjargráðanefndar.

1. Fyrirsögn frumv. orðist svo:

Frumvarp til laga um hluttöku landssjóðs í verðhækkun á ýmsum nauðsynjavörum o. fl.

2. 1. gr. orðist svo:

Landsstjórninni skal heimilt að greiða úr landssjóði allt að helmingi verðhækkunar þeirrar, sem orðið hefir síðan styrjöldin hófst eða verða kann meðan hún stendur og þar til er friður er saminn, á vörum þeim, er nú skal greina:

*Rúgmjöl*, þar með talið brauð.

*Hveiti*, þar með talið brauð.

*Steinolla* til heimilisnotkunar.

*Kol* til heimilisnotkunar, þar með talin kol til gasframleiðslu til heimilisnotkunar.

3. 2. gr. falli burt.

4. 3. gr. falli burt.

5. 4. gr. falli burt.

6. 5. gr. falli burt.

7. Í stað 2.—5. gr. komi 3 nýjar greinar, sem verði 2., 3. og 4. gr., svo látandi:

a. 2. gr.

Enn fremur skal landsstjórninni heimilt, meðan svo stendur á er í 1. gr. segir, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta, svo sem til að undirbúa stórhýsi, er gera þarf, hafnir, brýr og vegi, matjurtarækt í stórum stíl, námugróft eða önnur nauðsynja fyrirtæki.

b. 3. gr.

Nú veita hreppsfjelög eða kaupstaðir einstökum mönnum, er eigi standa nú í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, lán þeim til framfæris, frá því er lög þessi öðlast gildi og þar til 2 mánuðum eftir að friður er saminn, og skulu slík lán eigi talin styrkur, en endurgreiða skal þau sem aðrar skuldir, og fyrnast skulu þau á 10 árum frá tíma þeim, er hjer er áður greindur.

c. 4. gr.

Landsstjórnin setur nánari fyriræli um framkvæmd á ákvæðum  
1. og 2. gr. laga þessara.

8 . 7. gr. (sem verði 5. gr.) orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.